

**Bréf frá evrópskum stéttarfélögum til að kalla eftir
viðskiptabanni við ísraelska landnema í samræmi við
grundvallarkröfur alþjóðalaga**

Við, sem evrópsk stéttarfélög, biðjum stjórnvöld Evrópusambandsins og aðildarríkja þess að viðurkenna og hlíta tafarlaust lagalegum skuldbindingum sem fylgja skyldum til að viðurkenna ekki og styðja ekki (*duties of non-recognition and non-assistance*) tengdum ísraelskum landnemabyggðum og efnahagslegri starfsemi þeirra.

Við vísum til yfirþyrmandi samhljóðan álits lögfræðinga¹ þess efnis að ESB í heild og sérhvert aðildarríki þess hafi skyldu til að skipta ekki við landnemabyggðirnar sem þáttur í fyrrnefndri skyldu þeirra til að viðurkenna ekki og styðja ekki. Þessar skyldur eiga við vegna þess að ísraelskar landnemabyggðir brjóta æðstu reglur alþjóðalaga, svo sem með tálmun sjálfsákvörðunarréttar Palestínumanna, með yfirtöku landsvæðis gegnum valdbeitingu, og með broti á grundvallarreglum mannúðarlaga.

Við vísum til þess að bann viðskipta við landnemabyggðir felur ekki í sér viðskiptaþvingun og er ekki í trássi við óskiptar valdheimildir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að setja sameiginlega viðskiptastefnu. Gripið er til ráðstöfunarinnar til að bregðast við tilteknum alþjóðlegum lagalegum skuldbindingum sem eru venjubundnar og sjálfstæðar: þær krefjast ekki ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og taka milliliðalaust gildi í einstökum ríkjum.

Við hörmum að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hlíti ekki skuldbindingum sínum, tilgreindum í alþjóðalögum, og samþykki viðskipti við landnemabyggðir **og við skorum á hana að fullnægja lagalegum skuldbindingum sínum án tafar**. Í samræmi við það staðfestum við að stök aðildarríki ættu að uppfylla skyldur sínar samkvæmt alþjóðalögum og banna viðskipti við landnemabyggðir.

Verkalýðshreyfingin, í anda alþjóðlegrar samstöðu verkafólks, og í þágu verndar grundvallarmannréttinda, hefur ávallt kallað eftir réttlátri úrlausn deilunnar milli Ísrael og Palestínu. Grunnildi alþjóðahyggju stéttarfélaganna veita okkur umboð til að taka til haldfastra og virkra aðgerða til að greiða fyrir framkvæmd ályktana SP, alþjóðlegra lagalegra skuldbindinga, og réttlátum og sanngjörnum **friði** fyrir alla.

Það er í þeim anda sem við sendum út þessa áskorun til stjórnvalda ESB og Evrópuríkja til að taka til virkra aðgerða svo binda megi endi á evrópska samsekt í mannréttindabrotum tengdum ísraelskum landnemabyggðum og svo **leggja megi fram bann við efnahagslegum skiptum við ólöglegar ísraelskar landnemabyggðir**.